



Alþingi
Erindi nr. P 127/2276
komudagur. 24.6.2002

Landbúnaðarnefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 20. júní 2002
Sp/ák

Efni: Frv. til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, 373. mál.
Tilv:02040039

Vísað er í bréf landbúnaðarnefndar dags. 19. apríl sl., þar sem leitað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Frumvarpið felur í sér þá breytingu að einstaklingar fyrirtæki og félagasamtök geti hafið rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva að uppfylltum settum kröfum, í stað þess að nú getur landbúnaðarráðherra heimilað slíkt.

Bændasamtök Íslands leggja þunga áherslu á, að hvergi verði slakað á sóttvörnum við innflutning dýra eða erfðaefnis til landsins. Sú afstaða kemur einnig skýrt fram í greinargerð flutningsmanna frumvarpsins, og ekki verður séð að áformuð breyting feli í sér hættu að þessu leyti. Samtökin leggjast því ekki gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands


Sigurður Þorgeirsson